

## Fellsmúli 19 – Fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Helgu Bergsteinsdóttur, dags. 17. nóvember 2023, um að fjölga íbúðum í húsinu á lóð nr. 19 við Fellsmúla um eina þannig að heimilt verði að skipta íbúð í kjallara hússins í tvær íbúðir með sér fastanúmeri.



Samþykkt deiliskipulag fyrir Álftamýri-Háaleiti



Fellsmúli 17-19

## Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin með skilgreinda landnotkun íbúðarbyggð, Álftamýri-Háaleiti. Í gildi er deiliskipulag á svæðinu Háaleitisbraut – norðaustan samþykkt í borgarráði dags. 26.2.1963.

## Umsögn

Íbúðin með fastanúmerið F2015366 er íbúð í kjallara fjölbýlishússins nr. 19 við Fellsmúla. Samkvæmt fasteignaskrá er birt stærð íbúðirnar 125,4 m<sup>2</sup>. Samkvæmt upphaflegum teikningum frá 1963 var rýmið sem nú í dag er íbúð teiknað fyrir reiðhjól, barnvagna, sorp og leikherbergi. Árið 1980 var samþykkt íbúð í kjallara í skjön við það sem í raun stendur í samþykktu deiliskipulagi.

Eins og áður kom fram er í gildi deiliskipulag. Í samþykktu deiliskipulagi er svo hljóðandi um fjölbýlishús “1. Íbúðir og íbúðarherbergi séu aðeins á fjórum hæðum.”

Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi er ekki heimilað að vera íbúðir á fleiri en fjórum hæðum hússins.

## Niðurstaða

Neikvætt samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri